

Ed. 312. Frumvarp til laga [177. mál]

um sameining rekstrar Áfengisverzlunar ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960—1961.)

1. gr.

Sameina skal rekstur Áfengisverzlunar ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins. Eftir sameininguna skulu fyrirtækin rekin undir heitinu „Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.“

2. gr.

Fjármálaráðherra skipar framkvæmdastjóra Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins og ákveður laun hans.

3. gr.

Reikningum hvorrar tegundar rekstrarins skal haldið aðskildum í bókhaldi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og frá sama tíma eru lagðar niður stöður forstjóra Áfengisverzlunar ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins.

Lög nr. 69 1928, um einkasölu á áfengi, ásamt síðari breytingum, og lög nr. 58 1931, um einkasölu á tóbaki með síðari breytingum, svo og lög nr. 65 1934, um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír, gilda framvegis eftir því sem þau eiga við með þeim breytingum, sem leiðir af þessum lögum.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförnum árum hefur oft verið um það rætt að sameina í sparnaðarskyni rekstur Áfengisverzlunar ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins. Hafa tvisvar sinnum verið lögð frumvörp fyrir Alþingi um þetta efni, árið 1943 og árið 1950, en í hvorugt skiptið hlutu frumvörpin afgreiðslu.

Athugun, sem fram hefur farið á vegum fjármálaráðuneytisins, hefur leitt í ljós, að sameining á rekstri þessara tveggja stofnana muni geta leitt til verulegs sparnaðar, bæði um mannhald og annan reksturskostnað. Þykir því einsætt að gera hið fyrsta ráðstafanir til þess, að úr sameiningunni geti orðið.